

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 8685/2015

Reykjavík, 19. október 2017

Benedikt Jóhannesson  
fjármála- og efnahagsráðherra  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Það tilkynnist hér með að ég hef lokið máli A með bréfi því sem hér fylgir í ljósriti. Kvörtun hans laut að innheimtu Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda á grundvelli 5. mgr. 6. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og þeirri hámarksþóknun sem sjóðnum var heimilt að leggja á í tengslum við hana, sbr. 8. gr. laga nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, eins og ákvæðið hljóðaði fyrir gildistöku laga nr. 74/2014.

Hinn 1. september sl. var undirritaður settur í embætti umboðsmanns Alþingis á grundvelli 3. mgr. 14. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, og fór með framangreint mál frá þeim tíma.

Eins og nánar er rakið í bréfi mínu til A var það niðurstaða mín að kvörtunarefnið félli utan starfssviðs umboðsmanns Alþingis. Var sú niðurstaða fyrir það fyrsta byggð á því að í kjölfar dóms Hæstaréttar Íslands frá 29. október 2015 í máli nr. 115/2015 væru ekki forsendur til að líta svo á að Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda væri stjórnvald. Í þessu felst breytt afstaða af hálfu umboðsmanns, sem skýrist af dómafordæmi Hæstaréttar. Í annan stað var um framangreinda niðurstöðu vísað til þess að eins og ákvæði 5. mgr. 6. gr. laga nr. 129/1997 og 8. gr. laga nr. 155/1998 eru úr garði gerð, m.a. með hliðsjón af lögskýringargögnum að baki ákvæðunum, hefði ég ekki heldur forsendur til að fullyrða að með þeim hefði sjóðnum verið falið vald til að taka stjórnvaldsákvarðanir, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997. Athugun mín á kvörtun A hefur hins vegar orðið mér tilefni til að koma á framfæri eftirfarandi ábendingu við fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Þegar stofnað var til Söfnunarsjóðsins með lögum nr. 95/1980 var það ákvörðun löggjafans að koma skyldi upp þessum sérstaka lífeyrissjóði til að tryggja að þeir sem ekki ættu aðild að lífeyrissjóðum stéttarfélaganna og tiltekinna starfshópa gætu fullnægt skylduáðild sinni að

lífeyrissjóði. Með lögum nr. 129/1997 var almennur lagarammi um starfsemi lífeyrissjóða endurskoðaður og Söfnunarsjóðnum falið að innheimta iðgjöld þeirra sem ekki hefðu tilgreint í framtölum eða skilagreinum launagreiðanda þann lífeyrissjóð sem þeir greiddu til, sbr. 5. mgr. 6. gr. laganna. Þegar ný lög um Söfnunarsjóðinn nr. 155/1998 tóku gildi var sérstaklega kveðið á um að stjórn sjóðsins væri heimilt að innheimta þóknun allt að 2%, sem síðar hækkaði í 4%, af iðgjaldi vegna innheimtu iðgjalda sem sjóðnum bæri að innheimta í samræmi við 6. gr. laga nr. 129/1997. Eins og rakið er í bréfi mínu til A er grundvöllur þessarar innheimtu af hálfu Söfnunarsjóðsins að því leyti frábrugðin því sem við á um aðra lífeyrissjóði að ekki er fyrir hendi samningssamband milli sjóðfélaga og sjóðsins. Um sé að ræða einhliða ákvarðanir af hálfu sjóðsins sem byggist á því fyrirkomulagi sem löggjafinn hafi komið á við innheimtu iðgjalda þeirra einstaklinga sem ekki velja sér lífeyrissjóð og í tengslum við lögbundna skylduaðild að slíkum sjóðum. Um meðferð þessa valds eigi því að einhverju leyti við sömu sjónarmið og búa að baki hinum sérstöku réttaröryggisreglum sem mótast hafa um málsmeðferð við töku ákvarðana innan stjórnsýslunnar og eru að hluta til lögfestar í stjórnsýslulögum.

Til umboðsmanns Alþingis leita reglulega einstaklingar með erindi vegna þeirrar innheimtu sem Söfnunarsjóðurinn hefur með höndum á framangreindum lagagrundvelli. Af framangreindri niðurstöðu minni leiðir að þeim sem telja á sér brotið við málsmeðferð og framgöngu sjóðsins við innheimtuna stendur að óbreyttum lögum ekki opin sú leið að leita til umboðsmanns Alþingis með kvartanir af því tilefni. Þá fæ ég ráðið af skýringum ráðuneytisins í tilefni af kvörtun A að ekki séu aðrar leiðir færar til að fá málsmeðferð og ákvarðanir sjóðsins á þessum grundvelli endurskoðaðar innan stjórnsýslunnar. Ég áréttá að um er að ræða ákvarðanir sem eru teknar einhliða af hálfu sjóðsins vegna lögbundinnar skylduaðildar að lífeyrissjóðum, en ekki byggðar á samningssambandi eða valfrelsi sjóðfélaga. Enda þótt nú liggi fyrir að reglur stjórnsýslulaga gildi ekki um rækslu þess verkefnis Söfnunarsjóðsins sem hér um ræðir er ekki þar með sagt að það hafi verið ætlun löggjafans að um það giltu einungis reglur einkaréttarins. Fær það sjónarmið vissa stoð í áður nefndum dómi Hæstaréttar. Þá lét ég þess getið í þessu sambandi að ákvæði í samþykktum sjóðsins um að hafa til hliðsjónar grunnreglur stjórnsýsluréttar er einungis bindandi á meðan sjóðurinn sjálfur ákveður það.

Með vísan til þess sem að framan er rakið tel ég rétt að vekja athygli yðar á málinu, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Er það nánar tiltekið gert í því skyni að tekin verði afstaða til þess hvort tilefni sé til að kveða í öllu falli skýrar á um það í lögum hvaða málsmeðferðarreglum Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda beri að fylgja við framkvæmd þess lögbundna verkefnis sem hér hefur verið til umfjöllunar. Af þessu tilefni óska ég eftir því að ráðuneytið upplýsi umboðsmann fyrir 1. mars nk. hvort bréf þetta verður tilefni til

viðbragða af hálfu ráðuneytisins til þess að umboðsmaður geti gert Alþingi grein fyrir því í skýrslu hans til þess fyrir árið 2017.

Virðingarfyllst,



Þorgeir Ingi Njálsson